



Upplýsing - félag bókasafns- og upplýsingafræða

Aðalfundur Upplýsingar

20. maí 2021

Fundarstaður: Bókasafnið í Gerðubergi, Gerðubergi 3-5 111, Reykjavík.

Fundarstjóri: Barbara Guðnadóttir.

Fundarritari: Stefanía Gunnarsdóttir.

Mættir voru 8 félagar.

Upplýsing boðaði til þessa aðalfundar þann 6. maí 2021 en til aðalfundar skal boðað skriflega með minnst tíu daga fyrirvara samkvæmt 8. grein laga félagsins.

Dagskrá:

Þórný Hlynisdóttir formaður Upplýsingar setti fundinn klukkan 13:05 og tilnefndi Barböru Guðnadóttur sem fundarstjóra og Stefanía Gunnarsdóttur sem fundarritara og var það samþykkt.

a) Skýrsla stjórnar

Þórný Hlynisdóttir, formaður fór yfir skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2020-2021. Haldnir voru reglulega stjórnarfundir á starfsárinu og einnig höfðu nefndarmenn nánast dagleg samskipti rafrænt. Félagar í Upplýsingu eru 379 og þar af eru 41 stofnanir. Skráningar nýrra félaga voru 18.

Stjórnin var að mestu leiti skipuð nýjum meðlimum á þessu starfsári. Vegna heimsfaraldurs og sóttvarnatakmarkana var starfsemin aðlöguð að þeim sérstöku aðstæðum. Fréttabréfið Fregnir var endurvakið á starfsárinu og sett í stafrænt form, komið hafa út fimm tölublöð á árinu með upplýsingum um hvað helst er á döfinni hjá bókasöfnum í heimsfaraldrinum, tilkynningar um Morgunkorn verið sendar út, fréttir af innlendum og erlendum vettvangi og ýmislegt reynt til að vekja áhuga félagsmanna á starfsemi félagsins. Bókasafnsdagurinn var haldinn í 10. skipti. Markmið dagsins er að vekja athygli á öllu því góða starfi sem unnið er á öllum tegundum bókasafna, og mikilvægi þeirra fyrir samfélagið. Yfirskrift bókasafnsdagsins 2020 var Lestur er bestur – hryllilega spennandi. Félagið fékk styrk frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti til að standa undir kostnaði við faglega fundi og erlent samstarf. Að þessu sinni er styrknum ætlað að standa undir kostnaði vegna árlegra funda Norrænna bókavarðafélaga og kostnaði við að senda tvo fulltrúa Upplýsingar á IFLA WLIC ráðstefnu annað hvert ár. Vegna yfirstandandi heimsfaraldurs hefur ráðstefnuhald fallið niður, verið frestað eða færst yfir á netið. Engar breytingar hafa orðið á afsláttarkjörum fyrir félagsmenn. Eins og verið hefur undanfarin ár fá félagsmenn 20% afslátt af bókum og tímaritum í Eymundsson. Árið 2020 var brugðið á það ráð að hafa Morgunkornin í fjarfundi þegar samkomutakmarkanir vegna Covid leyfðu ekki staðfundi og var upptökum af þeim fundum deilt á Youtube. Á tímabilinu apríl 2020 til apríl 2021 voru birt sex myndbönd, fimm

Morgunkorn og eitt viðtal. Landsfundi Upplýsingar sem halda átti á Ísafirði dagana 25.-26. september 2020 varð að fresta um ár en heimsfaraldur Covid-19 kom í veg fyrir að af honum gæti orðið. Ákveðið hefur verið að halda fundinn 23.-24. september 2021.

Félagið rekur ekki fasta skrifstofu, en er með geymslu þar sem geymd eru ýmis skjöl félagsins og annar búnaður. Stjórnarmeðlimir héldu alla stjórnarfundir á netinu.

Skýrslu stjórnar er hægt að lesa í heild í prentaðri og rafrænni ársskýrslu Upplýsingar (upplysing.is).

Að lokum þakkaði formaður stjórninni, vefstjóra og öðrum þeim sem unnið hafa fyrir Upplýsingu fyrir þeirra framlag og mælir með að allir prófi að taka þátt í starfi Upplýsingar.

Skýrsla stjórnar: Samþykkt.

b) Skýrslur hópa og nefnda

Formaður fór yfir skýrslur fastanefnda og hægt er að lesa meira um það í prentaðri og rafrænni ársskýrslu Upplýsingar (upplysing.is).

c) Reikningar félagsins

Berglind Hanna Jónsdóttir gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins.

Reikningar eru yfirfarnir af bókara og samþykktir af skoðunarmönnum félagsins.

Fram kom að samkvæmt ársreikningum er hagnaður á rekstri félagsins að upphæð 369.383.

Reikningar félagsins: Samþykktir.

d) Ákvörðun launa og þóknunar til stjórnarmanna.

Engar breytingar.

e) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs.

Fjárhags- og framkvæmdaáætlun næsta starfsárs var lögð fram til kynningar af Berglindi

Hönnu Jónsdóttur gjaldkera Upplýsingar. Árgjöld, styrkir ofl. munu verða allt

að 9,8 milljónir króna. Einnig verða styrkir og gjöld notaðir til að fjármagna Landsfund 2021 og Bókasafnadaginn 2021.

Fjárhagsáætlun: Samþykkt.

f) Árgjald.

Stjórn Upplýsingar mælir með óbreyttu árgjaldi. Almennir félagar greiða 7.000 kr., stofnanir 14.000 kr. og nemendur í upplýsingafræði 3.500 kr. Samþykkt einróma.

g) Lagabreytingar.

Engar lagabreytingar.

h) Kosning stjórnar og varamanna sbr. 5. gr.

Í núverandi stjórn sitja Þórný Hlynsdóttir (formaður), Guðrún Lilja Kvaran

(varaformaður), Berlind Hanna Jónsdóttir (gjaldkeri), Stefanía Gunnarsdóttir (ritari) og Björg

Bjarnadóttir (meðstjórnandi). Varamenn í stjórn: Þórunn Erla Sighvats Orkustofnun (til eins árs) og Barbara Guðnadóttir Borgarbókasafni (til tveggja ára).

k) Önnur mál.

Engin önnur mál komu til umræðu. Sirrý Arnarsdóttir kom að loknum aðalfundi með síðasta Morgunkorn starfsársins með fyrirlestur sem var hvatning til félagsmanna að loknum þessum sérstaka vetri með sínum takmörkunum.

Fundi slitið 13:55 og félagsmönnum boðið að þiggja veitingar.

Þórunn Hlynsd.

Stefanía Gunnarsd.

Þjörg Þjarnadóttir

Berglind Hanna Jónsdóttir

Barbara Guðnadóttir